

Formannafundur Félags hrossabænda 2007

haldinn í Bændahöllinni 12. apríl 2007 kl. 11

Mættir voru úr stjórn Félags hrossabænda: Kristinn Guðnason, Ólafur Einarsson, Eyþór Einarsson og Helga Thoroddsen.

Formenn eða fulltrúar aðildarfélaganna: Guðröður Ágústsson, Hr.Aust, Ingimar Ingimarsson, Hrs. Skagafj., Hrafnkell Karlsson, Hr.samt. Suðurl., Zophonías Jónmundsson, Hrs. Ey-Þing., Magnús Jósefsson, Samt. hrossab. í A-Hún., Birna Hauksdóttir, Fhb. á Vesturlandi.

Starfsmaður FHB, Hulda G. Geirsdóttir, sat einnig fundinn og ritar fundargerð.

Kristinn setti fund og bauð formenn velkomna. Skipaði Ingimar Ingimarsson sem fundarstjóra.

Starf FHB

Kristinn greindi frá starfsemi FHB og nýlegri fundarferð sinni um landið ásamt Guðlaugi Antonssyni. Þeir félagar fóru um allt landið og funduðu á átta stöðum þar sem málefni hrossaræktarinnar voru rædd. Meðal þess sem kom fram á fundunum var að heimasíða FHB mætti vera virkari og menn væru ósáttir við að DNA greiningar úr stóðhestum skiluðu sér illa inn í gagnagrunninn í Worldfeng. Kristinn sagði Jón Baldur Lorange hjá BÍ hafa tekið að sér að ýta við Svíum og Keldum með að fá greiningar inn sem þar liggja ófrágegnar.

Kristinn sagði tollamálin í réttum farvegi og búið væri að fella niður tolla á útflutt hross til Evrópubandalagsins.

Þá sagði hann frá því að unnið væri að því að fá vsk á söluhrossum lækkaðan niður í 7%. Kristinn fór ásamt Hrafnkeli Karlssyni, formanni Sunnlendinga, á fund landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra þar sem þeir lögðu erindi þetta fram. Ráðherrarnir tóku erindinu vel og töldu mögulegt að ná þessari breytingu fram. Verður áfram unnið í því máli.

Magnús sagði þessa breytingu mjög jákvæða, ef hún næðist í gegn, og hún myndi stuðla að auknum sýnileika greinarinnar. Hrafnkell sagði alla græða á þessari breytingu, bæði hrossasöluaðila sem og ríkið. Guðröður sagði þá sem selja hross vera skylduga til að standa skil á skatti þessum og spurði hvort menn teldu að söluaðilar myndu eitthvað frekar standa skil á lægri skatti. Flestir fundarmenn töldu svo vera. Zophonías sagði breytinguna jákvæða en velti því fyrir sér hvort afurðir færu þá líka niður í 7% vsk.

Hrafnkell sagðist hafa lagt til að skipuð yrði ópólitísk nefnd til að vinna í málinu og svo myndi reyna á félagskerfið í að fylgja málinu eftir.

Frjósemisrannsóknir

Kristinn ræddi einnig um frjósemisrannsóknir, en ákveðið hafði verið að fara út í slíkar rannsóknir og notast við gögn úr stóðhestaskýrslum. Eitthvað hefur þetta reynst þungt í vöfum og sagði Kristinn að Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma, hefði mikinn áhuga á að reyna að koma þessu verkefni áfram og þá hugsanlega hjá Lbhí.

Einstaklingsmerkingar

Næst voru merkingar á hrossum ræddar. Kristinn sagðist telja að örmerki yrðu að vera rættthæsta einstaklingsmerkið. Horfir hann þar fyrst og fremst til aflestrar af merkinu í sláturhúsum og við útflutning, en oft getur reynst erfitt að lesa úr frostmerkjum.

Magnús tók undir þetta og sagði að nauðsynlegt væri að einfalda aflesturinn og það yrði best gert með örmerkingunni. Málið var rætt og kom fram að ekki væri verið að tala um að frostmerki yrðu ógild, en mælst yrði til þess að þeir sem frostmerkja, örmerki líka. Eyþór sagði nauðsynlegt fyrir þá sem enn rækju hross sín á afrétt að hafa rétt til að nota frostmerkingar.

Hestatorg

Hestatorg á HM í sumar var næsta mál á dagskrá. Farið var yfir stöðu mála varðandi undirbúning og kom fram að Útflutningsráð hyggst greiða sýningarsvæði niður fyrir íslenska aðila.

Fjármál

Eyþór rakti fjárhagsstöðu félagsins og greindi frá því að smávægilegt tap hefði verið á rekstri félagsins á síðasta ár miðað við samantekt hans. En þar sem hagnaður hafði verið nokkur ár þar á undan er staðan ágæt í sjóði. Stærstu kostnaðarliðir á síðasta ári voru Hestatorgið, námskeiðahald í samstarfi við FT og útgáfa kynningarbæklings.

Matarhlé.

Landsmót

Kristinn fjallaði um landsmót og þéttskipaða dagskrá þeirra. Nú hefur Fagråd í hrossarækt ákveðið að fella niður afkvæmasýningar á hryssum til heiðursverðlauna á landsmótum. Fagråd telur jafnframt að ekki megi fækka kynbótahrossum í sýningu á LM niður fyrir 200. Kristinn kynnti svo Sveinbjörn Sveinbjörnsson, stjórnarformann LM ehf. og rakti Sveinbjörn framkvæmd síðustu móta og fjárhagslega útkomu þeirra. Fram kom að velta hefur aukist gríðarlega, en kostnaður að sama skapi og því hafa mótin ekki verið að skila miklum hagnaði, heldur oftast verið að koma út í kringum núllið. Sveinbjörn sagði leiguna á mótssvæðum verða að lækka umtalsvert og LM gæti ekki staðið í því að borga fyrir uppbyggingu á svæðum. Búið væri að byggja upp góð mótssvæði og með góðu viðhaldi ætti að vera hægt að halda þeim í lagi. Næsta mót verður haldið á Gaddstaðafötum við Hellu frá 30. júní til 6. júlí 2008. Rætt var um nauðsyn þess að festa dagsetningu mótanna og helst staðsetningu þeirra líka nokkur ár fram í tímann. Það myndi auðvelda alla kynningu og markaðssetningu, sérstaklega gagnvart útlendum gestum. Kristinn sagði að það hlyti að hafa vægi gagnvart leigugjaldinu að festa mótsstaði einhver ár fram í tímann og mikilvægt væri að stíga það skref.

Eyþór ræddi um muninn á mótahaldi í sveit og á höfuðborgarsvæðinu. Á höfuðborgarsvæðinu er gisting ekki vandamálið, en hins vegar taldi hann að margir vildu einmitt komast í útilegu og eignarhald á tjaldvögnum, húsbílum og slíku hefði stóraukist. Birna sagði hreinlætisaðstöðu mikilvægasta liðinn í mótahaldinu og hún hefði í fyrsta skipti verið í lagi á síðasta landsmóti á Vindheimamelum.

Skýrslur formanna

Fyrst tók til máls Birna Hauksdóttir fyrir Félag hrossabænda á Vesturlandi. Hún sagði mesta vinnu fara í söfnun og skráningu sláturhrossa sem fara til slátrunar á Blönduósi. Eftirspurn hefur verið mikil og vantar hross til slátrunar um þessar mundir.

Zophonías sagði frá starfi hjá Hrossaræktarsamtökum Eyfirðinga- og Þingeyinga, en þar er stóðhestahald enn fyrirferðarmikill þáttur í starfseminni. Þeir hafa áhuga á því að auka fræðslu og myndu gjarna vilja sjá fleiri námskeið og kennslusýningar á

Norðurlandi, sbr. námskeið þau sem FHB og FT stóðu fyrir á síðasta ári og í vetur. Samtökin eiga í stóðhestunum Gusti frá Hóli, Hrym frá Hofi og Gígjari frá Auðsholtshjáleigu.

Guðröður sagði frá starfinu á Austurlandi en þar hefur verið unnið að því að undirbúa byggingu reiðhallar. Hann sagði það sína skoðun að sláturhúsin ættu sjálf að sjá um að safna sláturhrossum og að skilyrði væri að hrossin væru sótt á viðeigandi bílum, en eitthvað hefur borið á því að hross séu sótt á opnum bílum sem ekki henta til hrossaflutninga. Guðröður sagði stjórnarmenn í hrossaræktarsamtökum ekki eiga að vera að vasast í sláturmálum. Á þeirra svæði er stefnt að því að fella niður allar deildir, en þar eru margar deildir óvirkar. Ætlunin er að samtökin fari meira í sýningarstarf og afli fés til byggingar hesthúss í tengslum við nýja reiðhöll. Er það unnið í samstarfi við hestamannafélagi Freyfaða. Fjórðungsmót verður haldið á svæðinu í sumar og eru samtökin aðilar að mótinu til hálf. Að þessu sinni hefur Eyfirðingum og Þingeyingum verið boðin þátttaka í mótinu og sagðist Guðröður sjá framtíð í samstarfi við það svæði. Samtökin eiga enn hlut í Gusti frá Hóli, en frekara stóðhestahald er ekki á dagskrá.

Hrafnkell sagði starfið á Suðurlandi á margan hátt ólíkt því sem nefnt hefði verið, en samtökin hafa gengið í gegnum miklar breytingar varðandi stóðhestahald og rekstur sæðingastöðvar sem nú hefur verið hætt. Á síðsta aðalfundi var samþykkt að veita stjórn heimild til að selja aðstöðu stóðhestastöðvarinnar.

Samtökin standa fyrir þremur sýningum á ári, folaldasýningu, ungfolasýningu og ræktunarsýningu. Samtökin eiga hlut í Galsa frá Sauðárkróki og var fullt undir hann í fyrra. Nýlega sendu samtökin út skoðanakönnun til félagsmanna sinna þar sem leitast var við að fá fram óskir fólks um hvernig starfsemi samtökin eiga að reka. Grófar niðurstöður eru komnar úr könnunninni og virðist mikill áhugi fyrir fjölbreyttu námskeiðahaldi, sérstaklega námskeiði í byggingardómum. Sjötíu prósent svarenda telja Worldfeng mikilvægan, en flestir á því að stóðhestahald á vegum samtakanna sé úrelt.

Hrafnkell kom einnig inn á það hversu mikilvægur félagslegur styrkur er og nauðsyn þess að ræktendur séu virkir í félagsstarfinu. Grasrótarsamtök eigi að vinna í mikilvægum málum, ss. varðandi vsk, og nauðsynlegt sé að virkja hópinn. Hann sagði samtökin vera að vinna í því að endurmeta hlutverk sitt, en ljóst væri að nauðsynlegt væri að halda slíkum samtökum úti.

Magnús Jósefsson frá Samtökum hrossabænda í A-Hún.greindi frá starfseminni á sínu svæði. Þar kom fram að samtökin hafa ekkert með sláturmálin að gera, heldur sér sláturhúsið á Blönduósi alfarið um þau mál á svæðinu. Magnús sagði afurðamálin þó mikilvæg og það yrði að vera skýlaus krafa að sláturhross væru flutt og meðhöndluð á viðeigandi hátt. Sagði stóðhestahald fara minnkandi og samtökin væru hætt að kaupa hluti í hestum. Sagði minnkandi ræktunaráhuga á svæðinu há starfi samtakanna og t.d. hefðu aðeins 10 manns mætt á aðalfund samtakanna. Sagðist telja að þetta tengdist einnig efnahag á þessu svæði. Samtökin halda folaldasýningu, ungfolasýningu og stórsýningu á Blönduósi og þeir eiga stærsta hluta í reiðhöllinni á Blönduósi.

Ingimar rakti starfið hjá Hrossaræktarsambandi Skagfirðinga og sagði það á svipuðu róli og annars staðar. Þeir eru í samstarfi við Leiðbeiningamiðstöðina með framkvæmdastjóra og gerir það starfið skilvirkara og léttara. Send eru út fréttabréf og samtökin standa fyrir stóðhestahaldi, bæði eiga þau hlut í Galsa og sjá um útleigu á

aðkomuhestum. Í ár eru það Rökkvi frá Hárlaugsstöðum, Aðall frá Nýjabæ og Trostan frá Auðsholtshjáleigu. Hefur tekist að fylla undir þessa leiguhesta, en svæðið ber þó ekki háa folatolla og hefur sambandið niðurgreitt tolla til félagsmanna. Girðingargjöld eru í kringum 5-6 þúsund á hryssu. Samtökin hafa komið að sýningarhaldi, en rekstur reiðhallarinnar er alveg sér. Sláturhross fara strax og geta menn snúið sér til sláturhúsanna á Sauðárkróki og Blönduósi. Þeir hafa verið í sömu hugleiðingum og aðrir og þurfa að endurskoða framtíðarhlutverk sambandsins. Ingimar sagði að lokum að mjög gott væri að fá þá Kristinn og Guðlaug í heimsókn á svæðið og mælti með því framtaki.

Active Stable lausagönguesthús

Því næst kynnti Hulda hugmynd Petru Mazetti að lausagönguesthúsum, svokölluðum “Active Stable”. Málið rætt og voru skoðanir skiptar, en flestir þó á því að þetta væri áhugaverð nýjung sem vert væri að prófa og rannsaka frekar.

Önnur mál

Undir liðnum önnur mál ræddi Kristinn um rekstur stóðhesta og sagði greinilegt að slíkt væri greinilega farið að leika minna hlutverk í starfsemi deildanna, landslagið væri einfaldlega að breytast.

Rætt var um gæðavottun, holdastigun ofl. því tengt.

Að lokum þakkaði Kristinn góðan fund og var fundi slitið kl. 16:50.

HGG/hgg